



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar
B.t. Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Vestmannaeyjar 24. Júní 2021

Ráðgjöf Náttúrustofu Suðurlands varðandi lundaveiði 2021.

Náttúrustofa Suðurlands mælir með því að lundaveiðar verði ekki heimilaðar árið 2021. Náttúrustofan vísar í fyrri umsagnir og greinargerðir þessari niðurstöðu til grundvallar, sjá sérstaklega lokaskýrslu til UST um stofnvöktun lunda 2017-2019:

<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Veidikort/V%c3%96KTUN%20LUNDA%20c3%81%20c3%8dSLANDI%20-%20Lokak%c3%bdrsla%202019%20v2.pdf>

Þessar upplýsingar voru uppfærðar með áfangaskýrslu til umhverfisstofnunar árið 2021.

https://www.researchgate.net/publication/346572816_STOFNVOKTUN_LUNDA_2020_Afangaskýrsla_til_Umhverfisstofnunar

Einnig hafa niðurstöður rannsókna verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og m.a. birtar í Veiðidagbók Umhverfisstofnunar árið 2018:

<https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Veidi/Veididagbaekur/Vei%C3%B0idagb%C3%B3k%202018.pdf>

Lundinn var settur á alþjóðlegan Válista IUCN 2015 vegna stofnþróunar hérlendis, í Færeyjum og Noregi: <http://www.iucnredlist.org/details/22694927/0>. Þessi válistaflokkun er framtíðar áhættumat sem byggir á stofnþróun undanfarna áratugi. Lundi var sömuleiðis settur á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 2018:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>.

Erpur S. Hansen fjallaði um þessa stöðu Íslenska lundastofnsins 22. Sept 2017 á málþingi: “Veitir Válisti vernd: Lundinn – algengasti fugl landsins á válista!” sem má horfa á upptöku af hér: https://www.youtube.com/watch?v=d_ppl8lIUd4&feature=youtu.be

Í stuttu máli er áætlað að lundastofninn á Íslandi hafi minnkað um 45% árabilið 2003-2020 eða að meðaltali um -2,5% árlega síðan 2003. Þessi fækkun er vegna lítillar ungaframleiðslu



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

sem aftur stafar af fæðuskorti í kjölfar stofnhruns sandsílis í kjölfar hlýnunar sjávar. Veiðar eru sjálfbærar þegar stofnvöxtur (λ) er yfir 1, en margfeldismeðaltal λ árabilið 2010-2020 er 0,967 og hefur farið hækkandi. Í þessu stofnfækkunar ástandi ($\lambda < 1$) er öll veiði úr lundastofninum stofnvistfræðilega ósjálfbær og stuðlar að frekari fækkun í honum og er þessvegna jafnframt ósiðleg. Rétt er að benda á lagaákvæði um sjálfbærni veiða og náttúrugæða: 7.gr. 64/1994 og 1.gr. laga nr. 60/2013.

Friðun Stórhöfða fyrir veiðum?

Vakin er athygli Umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar að háfaveiði og umferð ferðamanna fer ekki saman, þar sem fuglarnir gera ekki greinarmun á veiðimönnum og ferðamönnum. Mikil umferð manna í vörpum sem einnig er veitt er í veldur mikilli truflun vegna umferðar ferðamanna. Árið 2019 kom upp tilfelli í Stórhöfða þar sem veiðimaður drap lunda fyrir framan ferðamenn við lundaskoðunarhúsið, en veiðimaðurinn varð ekki að ósk leiðsögumanna um að veiða úr augnsýn ferðafólks. Ekki þarf mörg tilfelli eins og þetta til að fá af stað neikvæða umræðu um upplifun ferða til Eyja. Farið er fram á að ráðið taki afstöðu til lundaveiða og upplifun ferðamanna í Stórhöfða og er lagt til að Stórhöfði verði helgaður lundanum og þeirra sem vilja njóta þeirra lifandi þar.

Einnig er Umhverfis- og skipulagsráð hvatt til að láta setja upp teljara við hliðið á bílastæðinu við fuglaskoðunarhúsið. Þannig fengist glögg mynd af mannaumferð um höfðann. Slíkar upplýsingar eru m.a. mikilvægar varðandi umsóknir um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum og til að meta aðdráttarafi staðarinn.

Virðingarfyllt,

Erpur Snær Hansen,

Forstöðumaður Náttúrustofu suðurlands



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS